

PLÖNTUR

FRÓÐLEIKUR

Hlýnun loftslagsins hefur þau áhrif á gróður jarðar að nú vorar fyrr, tré laufgast fyrr og vaxt-
artími plantna er almennt lengri. Útbreiðslusvæði
plantna færast norðar og hærra yfir sjávarmál,
styrkur CO₂ í andrúmslofti leiðir til meiri vaxtar og
aukinnar framleiðni gróðurs, komi ekki aðrir tak-
markandi þættir til. Það hefur í för með sér að það
þrengir að búsvæðum ýmissa fjallategunda sem
hörfa undan ásókn þeirra sem betur eru aðlag-
aðar hlýrra loftslagi. Þannig færast barrskógabeltið
norðar og ýmsar grastegundir sækja á.

Hérlendis mun hlýnandi veðurfar almennt hafa
jákvæð áhrif á gróðurþekju. Meirihluti íslenskra
lágplantna vex hér við norðurmörk útbreiðslu-
svæðis síns og því má ætla að geta þeirra til vaxt-
ar og afkomu batni með hlýnandi veðurfari (sjá
ítarefni).



RÆÐIÐ

- Hvað rotnar í náttúrunni? Hvað rotnar ekki?
- Hvað eru þjóðgarðar og til hvers eru þeir friðaðir?
- Hvaða breytingar hafa orðið á ræktunarskilyrðum hér á landi? Hvað er hægt að rækta hér sem ekki hefur verið hægt að rækta áður? Hvers vegna?
- Hvað gerist ef ekki er nóg vatn?
- Skógum eytt – hvaða áhrif hefur það? Hvað er til ráða?

VERKEFNI

YNGSTA STIG

- Hvað verður um tré þegar það deyr? – *Komdu og skoðaðu hringrásir.*
- Til hvers eru laufblöðin á trjánum – hvað gerist í þeim? *Tré, bls. 12–13. Yrkjuvefurinn. Græðlingur – Ég læri um laufblað.*

MIÐSTIG

- Aflaðu upplýsinga um friðlýsta plöntu og kynntu fyrir bekkjarfélögum. Upplýsingar um þær má finna á <http://www.ni.is/grodur/valisti/fridad/>
- Ljóstillifun – teikna veggspjald. Gera grein fyrir mikilvægi ljóstillifunar fyrir líf á jörðinni. *Komdu og skoðaðu hringrásir* og *Ein jörð fyrir alla-um ókomna tíð.*

UNGLINGASTIG

Finndu fréttir af nýjum afbrigðum plantna sem hægt er að rækta á Íslandi.

- Hvað er átt við með kolefnisjöfnun? Kynntu þér eitt skógræktarverkefni. Gerðu grein fyrir möguleikum okkar til að bæta loftslagið. Þú getur m.a. aflað upplýsinga á: Yrkjuvefnum www.yrkja.is, Kolvið www.kolviður.is og á vef Náttúrufræðistofnunar <http://www.ni.is/grodur/>.